

## Borgarráð

### Efni: Kjarasamningur við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

#### 1. Nýr kjarasamningur til afgreiðslu

Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Gildistími: 1. apríl 2019 – 31. mars 2023.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkanir og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög svo sem Sameyki og Eflingu:

- apríl 2019 hækka laun um kr. 17.000
- apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000  
jafnframt verður tekin upp ný launatafla með 1% bil á milli launaflokka, samhliða breyttri tengingu starfsmats við launatöflu í þeim kjarasamningum sem greiða laun samkvæmt starfsmati
- janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000
- janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000

Greiðslur vegna viðbótarmenntunar taka nú hækkunum með persónuálagi í stað viðbótarlaunaflokka.

Samningsaðilar voru sammála um að fara í aukið samstarf um fræðslumál hjúkrunarfræðinga og að fram fari heildarmat á umgjörð fræðslumála á samningstímanum.

Frá 1. ágúst 2020 hækka greiðslur í fjölskyldu- og styrktarsjóð úr 0,55% í 0,75%.

Kjarasamningurinn felur í sér tímamótabreytingar á vinnuumhverfi starfsmanna sem lúta að bættu starfsumhverfi og möguleika á styttri vinnuviku, bæði hjá dagvinnufólki sem og vaktavinnufólki. Sem liður í að draga úr hvata til yfirvinnu í kjölfar styttri vinnuviku var samið um tvískipt yfirvinnuálag. Þá tekur ný grein um önnur laun gildi. Önnur laun geta verið vegna reglubundnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma í stað tímakaups í yfirvinnu.

Nýr kjarasamningur felur í sér að orlofsávinnsla miðast nú ekki við aldur heldur gildir 30 daga orlofsréttur fyrir alla starfsmenn. Þá er kveðið á um að uppsafnað orlof megi ekki fara yfir 60 daga og 25% lenging á orlofi utan sumarorlofstímabils gildir eingöngu með skriflegri beiðni yfirmanns.

Samkvæmt endurskoðaðri viðræðuáætlun frá júlí 2019 var framkvæmd innágreiðsla 1. ágúst 2019 að upphæð 105.000 kr. til hvers starfsmanns miðað við fullt starf. Hefur verið tekið tillit til þess í launakostnaði vegna 2019.


Ljóst er að stytting vinnuviku hjá vaktavinnufólki mun fela í sér kostnaðarauka vegna viðbótarmönnunar og er tekið tillit til þess í kostnaðarmati.

Til að mæta auknum kröfum til faglegrar menntunar var gert ráð fyrir 55 milljóna króna árlegu viðbótarfjármagni á samningstímanum til launaðra námsleyfa sem skiptast á svið í hlutfalli við stöðugildi. Framlagt kostnaðarmat tekur mið af þeim stöðugildum sem undirritaður samningur nær til.

Stéttarfélag	Type	Aukinn kostn. v. 2019	Aukinn kostn. v. 2020	Aukinn kostn. v. 2021	Aukinn kostn. v. 2022	% v. 2019	% v. 2020	% v. 2021	% v. 2022
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Laun	8.477.766	67.851.011	126.402.467	160.235.759	1,2%	9,5%	17,8%	22,5%
	Stytting vaktav.			24.684.186	37.026.278			3,5%	5,2%
	Sjóðir		712.044	1.424.088	1.424.088		0,1%	0,2%	0,2%
		8.477.766	68.563.055	152.510.741	198.686.125	1,2%	9,6%	21,4%	27,9%
	Desember- og orlofsbætur	388.804	699.846	1.010.889	1.321.932	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%
	Námsleyfi	678.478	678.478	678.478	678.478	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
		9.545.048	69.941.380	154.200.108	200.686.536	1,3%	9,8%	21,7%	28,2%

Niðurstaða samningsins byggir í meginatriðum á grunni lífskjarasamnings sem samið var um á almenna vinnumarkaðnum 3. apríl 2019 en einnig í samræmi við markmið og megináherslur sem að samninganefnd Reykjavíkurborgar kynnti fyrir viðsemjendum sínum vorið 2019. Með nýjum kjarasamningi er stigið stórt skref til styttingar vinnuviku bæði hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki með það að leiðarljósi að bæta vinnustaðamenningu en stuðla jafnframt að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar



**Hjálagt:**

Nýr kjarasamningur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, undirritaður 4. september 2020